



Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags

“Brynjureitur”

Samþykkt í borgarráði 22. október 2015.
Höfundar deiliskipulag: Guðrún Fanney Sigurðardóttir, Ark Studio og
Guðmundur Gunnarsson, Urban arkitektar.

Breytingin felst í því að breytt er texta í kaflanum „Sérákvæði fyrir einstök hús“ 14.málgrein, starfsemi á reitnum.

Texti í gildandi skilmálum er svohljóðandi:

14.málgrein, sérákvæði fyrir einstök hús:

a. Hverfisgata 46/Laugavegur 29

Húsið við Hverfisgötu 46 er byggt árið 1980 – 1985. Húsið er byggt áfast við verksmiðjuhús sem stendur á baklóð Laugavegs 29. Árið 1942 voru lóðirnar Hverfisgata 46 og Laugavegur 29 sameinaðar í eina lóð sem talin er númer 29 við Laugaveg en þar sem þetta hús stendur Hverfisgötumegin fékk það númer við hana. Á fyrstu hæð við Hverfisgötu er gert ráð fyrir verslun eða þjónustu en á efri hæðum er gert ráð fyrir atvinnu- og eða íbúðarhúsnæði. Í tillögunni er heimildir fyrir breytingu á útliti húss. Heimilt verður að byggja kvisti á suðurhlíð húss og breyta lyftustokki á þaki til aðlögunar á aðliggjandi húsum. (sjá einnig Laugaveg 29).

Tillaga að breyttum texta í sérákvæðum fyrir einstaka hús er svohljóðandi:

14.málgrein, sérákvæði fyrir einstök hús:

b. Hverfisgata 46/Laugavegur 29

Húsið við Hverfisgötu 46 er byggt árið 1980 – 1985. Húsið er bygg áfast við verksmiðjuhús sem stendur á baklóð Laugavegs 29. Árið 1942 voru lóðirnar Hverfisgat 46 og Laugavegur 29 sameinaðar í eina lóð sem talin er númer 29 við Laugaveg en þar sem þetta hús stendur Hverfisgötumegin fékk það númer við hana. Á fyrstu hæð við Hverfisgötu er gert ráð fyrir verslun, þjónustu og eða gístaðstöðu en á efri hæðum er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi, gístaðstöðu og eða íbúðarhúsnæði. Í tillögunni er heimildir fyrir breytingu á útliti húss. Heimilt verður að byggja kvisti á suðurhlíð húss og breyta lyftustokk á þaki til aðlögunar á aðliggjandi húsum. (sjá einnig Laugaveg 29).

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á emb. afg. f. skipulagsfulltrúa
þann 11. febrúar 2022

Tillagan var grenndarkynnt frá 12. janúar 2022 með athugasemdafresti til 9. febr. 2022

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann
15. mars 2022


Björn Axelsson

